

Nd.

698. Nefndarátt

um frv. til laga um breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Nefndin, sem háttv. neðri deild fól mál þetta, hefir nú athugað það.

Aðaltilgangur frumvarpsins er að breyta því ákvæði fátækralaganna, að dvalarsveit eigi endurgjaldsrjett að eins á $\frac{2}{3}$ fátækrastyrks, er hún veitir utan-sveitar þurfaling, og atriðum er standa í sambandi við það, með því að mörgum hefir þótt þetta ákvæði ranglátt og afleiðingar þess koma æði misjafnt niður.

Meiri hluti nefndarinnar sjer þó ekki fært nje tímabært, að koma slíkri breyting á nje býst við að hún hefði almenna hylli, og vill þá minni hlutinn ekki gera það að kappsmáli, að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Aftur á móti hefir meiri hluta nefndarinnar komið saman um, að rangt sje, að dvalarsveit kosti að $\frac{1}{3}$ þurfaling annarar sveitar, þegar svo stendur á,

að hún á rjett á, að þurfalingur væri fluttur á framfærslusveit, en flutningurinn verður ekki framkvæmdur af því að þurfalingur er sjúkur og læknir bannar flutninginn.

Samkvæmt þessu verður það niðurstaða nefndarinnar, að ráða háttv. deild til þess að fella 2. og 3. gr. frumvarpsins, en samþykkja 1. gr. þess öðruvísi orðaða, og kemur þá með þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

63. gr. orðist þannig:

Nú þarfnast maður sveitarstyrks og skal hann veittur honum af dvalarsveit, jafnt fyrir það, þótt hann sje eigi sveitlægur þar i hreppi, gegn endurgjaldi, og á hún jafnan aðgang að framfærslusveit hans fyrir veittan sveitarstyrk, þótt þurfamaður eigi lögskildan framfærslumann, jafnvel innsveitis. Þó á dvalarsveitin aldrei heimting á endurgjaldi af hálfu framfærslusveitarinnar á meira en tveim þriðju hlutum af styrk þeim, er hin fyrnefnda hefir veitt þurfalingnum, nema svo standi á, sem segir í 68. gr., eða þurfalingur eftir úrskurði læknis verður eigi fluttur á framfærslusveit sína sakir sjúkleika. En skylt er framfærslusveit, ef þurfalingurinn er eða verður þess megnugur, að endurgjalda sveitarstyrk þann, er honum hefir verið veittur af framfærslusveitinni, að annast um, að sá hluti styrksins, er dvalarsveitin eigi fjekk endurborgaðan, verði að rjettri tiltölu endurgreiddur.

Ekki á dvalarsveitin rjett á, að fá að neinu leyti endurgoldinn af framfærslusveit styrk þann, er um ræðir í 3. málsgrein 53. greinar.

2. 2. og 3. gr. frumvarpsins falli niður.

Neðri deild Alþingis 3. sept. 1913.

Jón Jónsson,
formaður.

Kristinn Danielsson,
skrifari og framsögum.

Pjetur Jónsson.

Matth. Ólafsson,
með fyrirvara.

Einar Jónsson,
með fyrirvara.